



Niðurstöður úr ársreikningum sveitarfélaga

fyrir árið 2008 (A- og B-hluti)

1. Inngangur

Niðurstöður úr ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2008 liggja fyrir. Bráðabirgðaniðurstöður voru birtar fyrr á þessu ári. Vegna hins óvenjulega ástands sem hefur ríkt undanfarin misseri var lögð á það mikil áhersla af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga að birta bráðabirgðaniðurstöður úr ársreikningum sveitarfélaganna eins fljótt og mögulegt var þrátt fyrir að ekki lægju allir ársreikningar fyrir. Hér eru birtar niðurstöður úr ársreikningum allra sveitarfélaga nema eins lítils sveitarfélags. Sveitarfélögunum er eins og áður skipt upp í fjóra flokka til frekari skýringar. Þeir eru Reykjavíkurborg, sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur, vaxtarsvæði og önnur sveitarfélög. Íbúafjöldi í fyrrgreindum flokkum og á landinu í heild þann 1. desember 2008 kemur fram í töflu 1.

Birtar eru niðurstöður úr A hluta og B hluta ársreikninga sveitarfélaga fyrir árið 2008. Einnig eru niðurstöður fyrir árið 2007 birtar til frekari skýringar. A hluti í rekstri sveitarfélaga eru þau verkefni sem fjármögnuð eru að mestu leyti með skatttekjum. Það eru fræðslumál, félagsþjónusta, umhverfismál, æskulýðs- og íþróttastarfsemi og skipulagsmál svo dæmi séu nefnd. Undir B hlutann fellur sú starfsemi sem yfirleitt er að mestu leyti fjármögnuð með þjónustugjöldum. Þar er fyrst og fremst um að ræða rekstur hafna, veitustarfsemi og rekstur félagslegs húsnæðis.

1. Niðurstöður fyrir A hluta í rekstri sveitarfélaga

Í töflu 2 kemur fram yfirlit um niðurstöður úr rekstrarreikningi A hluta sveitarfélaga fyrir árið 2008. Þær eru bæði settar fram fyrir einstaka flokka og síðan fyrir heildina. Til samanburðar eru einnig gefnar upp heildarniðurstöður úr rekstri A og B hluta sveitarfélaga fyrir árið 2007.

Tafla 1. Skil ársreikninga

| | Reykjavík | Höfuðsv. án Reykjavíkur | Vaxtar-svæði | Önnur sveitarfélög | Samtals |
|------------|-----------|-------------------------|--------------|--------------------|---------|
| Íbúafjöldi | 119.848 | 81.737 | 72.276 | 45.895 | 319.756 |

Bls. 2



Afkoman er verst hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur og á vaxtarsvæðum

Bls. 4



Staðan er best hjá Reykjavíkurborg en þar er veltufé frá rekstri um 1/3 af heildarskuldum

Bls. 6



Tekjur sveitarfélaganna hækka lítið á sama tíma og útgjöld fara vaxandi.

Tafla 2. Rekstrarreikningur árið 2008 (m.kr.)

| | Reykjavík | Höfuðsv. án Reykjavíkur | Vaxtar- svæði | Önnur sveitarfélög | Samtals 2008 | Samtals 2007 |
|--|---------------|----------------------------|------------------|-----------------------|-----------------|-----------------|
| Skatttekjur án jöfnunarsjóðs | 50.865 | 33.084 | 25.551 | 14.995 | 124.495 | 111.918 |
| Framlag jöfnunarsjóðs | 728 | 1.466 | 4.982 | 8.954 | 16.130 | 15.868 |
| Þjónustutekjur og aðrar tekjur | 7.204 | 6.372 | 7.486 | 5.267 | 26.329 | 35.172 |
| Tekjur | 58.797 | 40.922 | 38.019 | 29.216 | 166.954 | 162.958 |
| Laun og launatengd gjöld | 28.833 | 19.334 | 19.336 | 13.935 | 81.438 | 72.493 |
| Annar rekstrarkostnaður | 27.044 | 18.585 | 18.143 | 12.021 | 75.793 | 61.661 |
| Framlegð (tekjur - breyttil. kostn) | 2.920 | 3.003 | 540 | 3.260 | 9.723 | 28.804 |
| Breyting lífeyrisskuldb. | -1.135 | 2.291 | 1.453 | 835 | 3.444 | 3.535 |
| Afskriftir | 2.025 | 1.791 | 1.454 | 963 | 6.233 | 5.918 |
| Gjöld | 56.767 | 42.001 | 40.386 | 27.754 | 166.908 | 143.610 |
| Framlegð % af tekjum | 5,0% | 7,3% | 1,4% | 11,2% | 5,8% | 17,7% |
| Niðurstaða án fjármagnsl. og óreglegra liða | 2.030 | -1.079 | -2.367 | 1.462 | 46 | 19.348 |

Glöggt kemur fram í niðurstöðum úr rekstri sveitarfélaganna fyrir árið 2008 hve mikil breyting varð á rekstri sveitarfélaganna frá árinu 2007. Heildartekjur sveitarfélaganna á árinu 2008 eru 166,9 ma. kr. samanborið við 162,9 ma. kr. á árinu 2007. Það er hækkun upp á 2,1% milli ára. Til samanburðar þá hækkaði meðalvísitala neysliverðs um 12,4% milli árána 2007 og 2008. Á sama tíma er rekstrarkostnaður sveitarfélaganna 166,9 ma. kr. en var 143,6 ma. kr. á árinu 2007. Það er hækkun upp á 16,1% milli ára. Framlegð úr rekstri sveitarfélaganna er 9,7 ma. kr. á árinu 2008 samanborið við 28,8 ma. kr. á árinu 2007. Framlegð sem hlutfall af tekjum er lægst á vaxtarsvæðum eða 1,5% en hæst hjá öðrum sveitarfélögum þar sem hún er 12,7%. Að jafnaði er hún 6,1% á árinu 2008 samanborið við 17,7% á árinu 2007.

Bæði þessi ár hafa nokkra sérstöðu. Á árinu 2007 reis



verðbólán á fasteignamarkaði sem hæst og sveitarfélögin höfðu miklar tekjur m.a. af sölu byggingarréttar. Á árinu 2008 kemur bakslagið fram. Sveitarfélögin þurftu þá meðal annars að endurgreiða háar fjárhæðir vegna þess að lóðum var skilað í miklum mæli. Fall í rauntekjum sveitarfélaganna er einnig töluvert samhliða því sem rekstrarkostnaður sveitarfélaganna eykst verulega frá fyrra ári.

Áhrif hruns krónunnar og mikillar verðbólgu hafði mikil áhrif til hækkunar fjármagnsliða í rekstri sveitarfélaga á árinu. Á árinu 2007 var útkoma úr fjármagnsliðum jákvæð um 3,9 ma. kr. en á árinu 2008 er hún neikvæð um 22,1 ma. kr. Útkoman er mismunur fjármagnstekna annars vegar og fjármagnsgjalda hins vegar. Athuga ber að verulegur hluti þessarar fjárhæðar er reiknaður en kemur ekki til útgjalda á árinu. Þar má nefna verðbótarfærslu á innlendum lánum og breytinga á gengisviðmiðunum á lánum í erlendri mynt. Meðan gengisvísitala íslensku krónunnar er svo há sem raun ber vitni þá gengur þessi breyting ekki til baka. Höfuðstóll lána sem eru í erlendri mynt mun því lækka ef gengi krónunnar styrkist.

Rekstrarniðurstaða ársins 2008 fyrir „óreglulega liði“ er neikvæð um 22,2 ma. kr. Á árinu 2007 var hún jákvæð um 23,2 ma. kr. Það er viðsnúningur um nær 45,4 ma. kr. Afkoma fyrir „óreglulega liði“ er jákvæð upp á 2,3

Tafla 3. Fjármagnsliðir og rekstrarniðurstaða (m.kr.)

| | Reykjavík | Höfuðsv. án Reykjavíkur | Vaxtar- svæði | Önnur sveitarfélög | Samtals 2008 | Samtals 2007 |
|---|--------------|----------------------------|------------------|-----------------------|-----------------|-----------------|
| Niðurstaða án fjárm.l.og óregl.l. | 2.030 | -1.079 | -2.367 | 1.462 | 46 | 19.348 |
| Fjármunatekj. og (fjármagnsgj.) | 296 | -13.341 | -6.950 | -2.172 | -22.167 | 3.876 |
| Rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði | 2.326 | -14.420 | -9.317 | -710 | -22.121 | 23.224 |
| Óreglulegir liðir | 0 | 3.197 | -75 | -252 | 2.870 | 25.350 |
| Rekstrarniðurstaða eftir óreglulega liði | 2.326 | -11.223 | -9.392 | -962 | -19.251 | 48.574 |

ma. kr. hjá Reykjavíkurborg en hjá öðrum flokkum er hún neikvæð. Afkoman er verst hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur og á vaxtarsvæðum. Afkoma sveitarfélaga fyrir óreglulega liði er afkoma af hefðbundnum tekjustofnum sveitarfélaganna. Óreglulegir liðir eru áhrif aðgerða sem koma einu sinni fyrir eða mjög sjaldan. Eignasala og afskriftir skulda eru dæmi um slíka liði.

Þegar tekið hefur verið tillit til áhrifa „óreglulega liða“ þá batnar afkoman heldur. Hún er í heildina tekið neikvæð um 19,3 ma. kr.

Áhrif hruns krónunnar og mikillar verðbólgu koma glögg fram í efnahagsreikningi í hækkun á höfuðstóli áhvílandi lána. Skammtímaskuldir hækka úr 40,1 ma. kr.

á árinu 2007 upp í 48,3 ma. kr. á árinu 2008. Á sama tíma hækka langtímaskuldir úr 57,9 ma. kr. á árinu 2007 upp í 106,3 ma. kr. á árinu 2008. Það er hækkun um 83,0%. Heildarskuldaaukning sveitarsjóða (A hluta) frá fyrra ári er rúmar 56 ma. kr. Eigið fé lækkar um rúma 19,0 ma. kr. á árinu.

Veltufé frá rekstri lækkar milli ára um 1/3 í krónutölu eða úr 21,8 ma. kr. í 15,0 ma. kr. Þá er ekki tekið tillit til verðbólgu. Vísitala neysluverðs hækkaði að meðaltali um 12,4% milli árana 2007 og 2008. Það þýðir að sveitarfélögin hafa minna fjármagn sem nemur samdrætti í veltufé frá rekstri til að standa undir afborgunum lána og til að fjármagna nýjar fjárfestingar. Þegar hlutfall veltufjár frá rekstri er borið saman við tekjur sveitarfélaganna eftir flokkum

Tafla 4. Efnahagsreikningur (m.kr.)

| | Reykjavík | Höfuðsv. án Reykjavíkur | Vaxtar- svæði | Önnur sveitarfélög | Samtals 2008 | Samtals 2007 |
|-----------------------------------|---------------|----------------------------|------------------|-----------------------|-----------------|-----------------|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 62.165 | 64.992 | 41.611 | 25.146 | 193.914 | 157.779 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur | 9.794 | 14.591 | 23.680 | 11.129 | 59.194 | 56.538 |
| Fastafjármunir | 71.959 | 79.583 | 65.291 | 36.275 | 253.108 | 214.317 |
| Veltufjármunir | 20.178 | 20.262 | 23.746 | 18.211 | 82.397 | 81.827 |
| Eignir | 92.138 | 99.845 | 89.037 | 54.486 | 335.506 | 296.144 |
| Eigið fé | 60.471 | 23.439 | 31.434 | 25.936 | 141.280 | 160.520 |
| Skuldbindingar | 11.881 | 11.218 | 9.340 | 7.199 | 39.638 | 37.556 |
| Langtímaskuldir | 8.174 | 46.940 | 36.741 | 14.451 | 106.306 | 57.925 |
| Skammtímaskuldir | 11.613 | 18.248 | 11.522 | 6.900 | 48.283 | 40.144 |
| Skuldir án skuldbindinga | 19.786 | 65.188 | 48.263 | 21.351 | 154.588 | 98.069 |
| Skuldir og skuldbindingar | 31.667 | 76.406 | 57.603 | 28.550 | 194.226 | 135.625 |
| Skuldir og eigið fé | 92.138 | 99.845 | 89.037 | 54.486 | 335.506 | 296.144 |

Tafla 5. Sjóðstreymi (m.kr.)

| | Reykjavík | Höfuðbsv. án Reykjavíkur | Vaxtar- svæði | Önnur sveitarfélög | Samtals 2008 | Samtals 2007 |
|----------------------------------|-----------|-----------------------------|------------------|-----------------------|-----------------|-----------------|
| Veltufé frá rekstri | 6.446 | 2.098 | 2.237 | 4.187 | 14.968 | 21.814 |
| Handbært fé frá rekstri | 6.153 | 6.424 | 866 | 3.937 | 17.380 | 21.382 |
| Veltufé frá rekstri % af tekjum | 11,0% | 5,1% | 5,9% | 14,3% | 9,0% | 13,4% |
| Veltufé frá rekstri % af skuldum | 32,6% | 3,2% | 4,6% | 19,6% | 9,7% | 22,2% |

kemur í ljós að staðan er verst á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur þar sem veltufé frá rekstri er 5,1% af tekjum og á vaxtarsvæðum þar sem veltufé frá rekstri er 5,9% af tekjum. „Önnur sveitarfélög“ hafa hæst hlutfall veltufjár af heildartekjum eða 14,3%. Þegar veltufé frá rekstri er sett upp sem hlutfall af heildarskuldum þá kemur í ljós að staðan er mjög misjöfn milli einstakra flokka. Staðan er best hjá Reykjavíkurborg en þar er veltufé frá rekstri um 1/3 af heildarskuldum. Staðan er aftur á móti lökust hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkurborgar og á vaxtarsvæðum en þar er veltufé frá rekstri frá 3,2% upp í 4,6%. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af skuldum hefur lækkað úr 22,0% á árinu 2007

niður í 9,7% á árinu 2008 þegar öll sveitarfélög eru tekin saman.

2. Niðurstöður fyrir B hluta sveitarfélaga

Hér á eftir er birt yfirlit um helstu niðurstöður úr rekstri B hlutans í starfsemi sveitarfélaga. Niðurstöður eru birtar fyrir B hlutann í heild sinni en ekki fyrir einstakar tegundir B hluta fyrirtækja. Ekki hefur unnist tími til að taka saman yfirlit um hvern hluta fyrir sig. B hluti í rekstri sveitarfélaga eru þau fyrirtæki sem rekin eru fyrir þjónustugjöld að langmestu leyti. Þar er fyrst og fremst um að ræða hafnir, veitustofnanir (vatnsveitur, hitaveitur og fráveitur) og félagslegt íbúðarhúsnæði.

Tafla 6. Rekstrarreikningur (m.kr.)

| | Reykjavík | Höfuðbsv. án Reykjavíkur | Vaxtar- svæði | Önnur sveitarfélög | Samtals 2008 | Samtals 2007 |
|--|-----------|-----------------------------|------------------|-----------------------|-----------------|-----------------|
| Tekjur | 30.618 | 3.423 | 7.969 | 4.626 | 46.636 | 40.537 |
| Laun og launatengd gjöld | 8.008 | 291 | 2.285 | 1.315 | 11.899 | 10.497 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7.719 | 875 | 2.403 | 1.498 | 12.494 | 9.946 |
| Framlegð (tekjur - breytill. kostn) | 14.891 | 2.257 | 3.281 | 1.813 | 22.242 | 20.094 |
| Breyting lífeyrisskuldb. | 139 | 32 | 202 | 44 | 418 | 136 |
| Afskriftir | 8.669 | 892 | 1.132 | 885 | 11.578 | 10.043 |
| Gjöld | 24.535 | 2.090 | 6.022 | 3.742 | 36.389 | 30.621 |
| Framlegð % af tekjum | 48,6% | 65,9% | 41,2% | 39,2% | 47,7% | 49,6% |

Í töflu 6 kemur fram að rekstur B hluta fyrirtækja var álíka að umfangi á árinu 2008 og hann var á árinu 2007. Í rekstri B hlutans eru ekki viðlíka sveiflur milli ára eins og koma fram í rekstri A hlutans. Tekjur B hlutans hækka um 15,0% milli ára og gjöldin um 18,8%. Framlegð er yfirleitt mikil af rekstri B hluta fyrirtækja í heildina tekið. Á árinu 2008 var hún 47,7% samanborið við 49,6% á árinu 2007.

Áhrifin af hrúni krónunnar eru mikil á fjármagnsliði B hluta fyrirtækja. Þar er Orkuveita Reykjavíkur fyrirferðarmest.

Fjármagnsgjöld B hluta fyrirtækja Reykjavíkur eru neikvæð um 100,0 ma. kr. Samtals eru fjármagnsliðir allra B hluta fyrirtækja á landinu neikvæðir um 115,3 ma. kr. samanborið við tæpa 3,0 ma. kr. á árinu 2007. Heildarniðurstaðan úr rekstri B hluta fyrirtækja er neikvæð um 90,0 ma. kr. samanborið við að hún var neikvæð um rúma 5,0 ma. kr. á árinu 2007. Hafa ber í huga að stór hluti fjármagnsgjalda eru áhrif gengisfellingar og verðbólgu. Það eru reiknaðir liðir sem koma ekki til útgjalda á árinu.

Tafla 7. Fjármagnsliðir og rekstrarniðurstaða (m.kr.)

| | Reykjavík | Höfuðsv. án Reykjavíkur | Vaxtar- svæði | Önnur sveitarfélög | Samtals 2008 | Samtals 2007 |
|--|----------------|----------------------------|------------------|-----------------------|-----------------|-----------------|
| Niðurstaða án fjármagnsl.og óreglegra liða | 6.083 | 1.333 | 1.947 | 884 | 10.247 | 9.916 |
| Fjármunatekj. og (fjármagnsgj.) | -100.080 | 338 | -11.551 | -4.019 | -115.313 | -2.974 |
| Óreglulegir liðir | 20.174 | -5.511 | 180 | 147 | 14.991 | -12.012 |
| Rekstrarniðurstaða | -73.822 | -3.840 | -9.424 | -2.988 | -90.074 | -5.070 |

Efnahagsreikningur B hlutans ber glögg merki þeirra efnahagsþrenginga sem samfélagið hefur lent í. Eigið fé B hluta fyrirtækja hefur lækkað um rúman helming þrátt fyrir að verðmæti eigna hafi hækkað um 30%. Langtímaskuldir

hafa hækkað um nær helming eða úr 143,0 ma. kr. í 270,6 ma. kr. Alls hafa skuldir B hluta fyrirtækja hækkað úr 158,3 ma. kr. upp í 290,5 ma. kr. Eiginfjárlutfall B hlutans hefur lækkað úr 39,0% árið 2007 í tæp 15,0% á árinu 2008.

Tafla 8. Efnahagsreikningur (m. kr.)

| | Reykjavík | Höfuðsv. án Reykjavíkur | Vaxtar- svæði | Önnur sveitarfélög | Samtals 2008 | Samtals 2007 |
|-----------------------------------|----------------|----------------------------|------------------|-----------------------|-----------------|-----------------|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 268.588 | 25.319 | 24.512 | 19.151 | 337.569 | 262.292 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur | 18.886 | -9.957 | -808 | -3.987 | 4.134 | 3.395 |
| Fastafjármunir | 287.474 | 15.362 | 23.704 | 15.164 | 341.704 | 265.688 |
| Veltufjármunir | 8.958 | -1.305 | -755 | -6.566 | 333 | 6.721 |
| Eignir | 296.432 | 14.057 | 22.949 | 8.599 | 342.036 | 272.409 |
| Eigið fé | 55.854 | 1.136 | -1.502 | -6.569 | 48.918 | 107.254 |
| Skuldbindingar | 916 | 184 | 878 | 557 | 2.535 | 6.901 |
| Langtímaskuldir | 223.266 | 12.661 | 21.076 | 13.666 | 270.669 | 143.112 |
| Skammttímaskuldir | 16.396 | 76 | 2.497 | 945 | 19.914 | 15.142 |
| Skuldir án skuldbindinga | 239.662 | 12.737 | 23.573 | 14.611 | 290.583 | 158.254 |
| Skuldir og skuldbindingar | 240.578 | 12.921 | 24.451 | 15.167 | 293.118 | 165.155 |
| Skuldir og eigið fé | 296.432 | 14.057 | 22.949 | 8.599 | 342.036 | 272.409 |

Veltufé sem hlutfall af tekjum er mjög ásættanlegt hjá B hlutanum. Það hefur ekki lækkað mikið frá fyrra ári sem segir að reksturinn er í ágætu jafnvægi. Þegar veltufé frá rekstri er reiknað út sem hlutfall af skuldum þá kemur

annað í ljós. Á landsvísu er veltufé frá rekstri rúm 4,0% af heildarskuldum og hefur lækkað úr tæpum 9,0% á árinu 2007. Þar koma fram hin gríðarlegu áhrif gengisfalls krónunnar sem hefur hækkað erlend lán mjög mikið. Ekki



Tafla 9. Sjóðsstreymi (m. kr.)

| | Reykjavík | Höfuðsv. án Reykjavíkur | Vaxtar- svæði | Önnur sveitarfélög | Samtals 2008 | Samtals 2007 |
|----------------------------------|-----------|----------------------------|------------------|-----------------------|-----------------|-----------------|
| Veltufé frá rekstri | 8.753 | 1.529 | 1.669 | 203 | 12.155 | 13.628 |
| Handbært fé frá rekstri | 8.472 | 1.402 | 1.878 | 426 | 12.178 | 10.072 |
| Veltufé frá rekstri % af tekjum | 28,6% | 44,7% | 20,9% | 4,4% | 26,1% | 33,6% |
| Veltufé frá rekstri % af skuldum | 3,7% | 12,0% | 7,1% | 1,4% | 4,2% | 8,6% |

er útlit fyrir miklar breytingar á gengi krónunnar á næstu mánuðum þannig að þessi staða kemur ekki til með að breytast mikið á yfirstandandi ári.

3. Að lokum

Yfirlit um afkomu árána 2007 og 2008 er birt í töflu 10 ásamt niðurstöðum fjárhagsáætlana fyrir árið 2009. Það liggur ljóst fyrir að verðbólgan og efnahagshrunið hefur haft mikil áhrif á rekstur og efnahag sveitarfélaganna.

Tekjur sveitarfélaganna hækka lítið á sama tíma og útgjöld fara vaxandi. Lán hækka vegna mikillar verðbólgu og hruns krónunnar. Það þýðir að fjármagnsliðir munu taka meira til sín á komandi árum en þeir hafa gert á undanföllum árum. Það mun að óbreyttu þýða það að sveitarfélögin verða að leita allra leiða sem færar eru til að láta enda ná saman í rekstri sínum. Það hefur í för með sér aukna þörf á forgangsröðun verkefna og breyttar áherslur frá því sem verið hefur.

Tafla 10. Samandregið yfirlit yfir árin 2007-2009

| Sveitarsjóðir A-hluti | Ársreikningar 2007 | | Ársreikningar 2008 | | Breytingar milli ára | | Fjárhagsáætlunir 2) 2009 | | Breytingar milli ára | |
|-------------------------------------|-----------------------|-----------------------|----------------------------|-----------------------|----------------------|------------------------|-----------------------------|-----------------------|-----------------------|------------------------|
| | Ársreikningar 2007 | Hlutfall af tekjum | Áætluð 1) niðurst. 2008 | Hlutfall af tekjum | Fjárhæðir | Hlutfalls- breyting | Áætlanir 2009 | Hlutfall af tekjum | Breyting milli ára | Hlutfalls- breyting |
| | | | | | | | | | | |
| Skatttekjur | 111,9 | 69% | 124,5 | 75% | 12,6 | 11% | 121,5 | 75% | -3,0 | -2% |
| Framlög jöfnunarsjóðs | 15,9 | 10% | 16,1 | 10% | 0,2 | 1% | 14,3 | 9% | -1,8 | -11% |
| Þjónustutekjur | 35,2 | 22% | 26,3 | 16% | -8,9 | -25% | 27,0 | 17% | 0,7 | 3% |
| Tekjur | 163,0 | 100% | 166,9 | 100% | 3,9 | 2% | 162,8 | 100% | -4,1 | -2% |
| Laun og launatengd gjöld | 72,5 | 44% | 81,4 | 49% | 8,9 | 12% | 85,0 | 52% | 3,6 | 4% |
| Annar rekstrarkostnaður | 61,7 | 38% | 75,8 | 45% | 14,1 | 23% | 67,8 | 42% | -8,0 | -11% |
| Samtals rekstrargjöld | 134,2 | 82% | 157,2 | 94% | 23,0 | 17% | 152,8 | 94% | -4,4 | -3% |
| Framlegð | 28,8 | 18% | 9,7 | 6% | -19,1 | -66% | 10,0 | 6% | 0,3 | 3% |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 3,9 | 2% | -22,2 | -13% | -26,1 | -669% | 1,6 | 1% | 23,8 | -107% |
| Rekstrarniðurstaða | 32,7 | 20% | -12,5 | -7% | -45,2 | -138% | 11,6 | 7% | 24,1 | -193% |
| Afskriftir | -5,9 | -4% | -6,2 | -4% | -0,3 | 5% | -6,9 | -4% | -0,7 | 11% |
| Breyting lífseyrisskuldbindinga | -3,5 | -2% | -3,4 | -2% | 0,1 | -3% | -3,4 | -2% | 0,0 | 0% |
| Óreglulegir liðir | 25,3 | 16% | 2,9 | 2% | -22,4 | -89% | -2,8 | -2% | -5,7 | -197% |
| Niðurstaða rekstrarreiknings | 48,6 | 30% | -19,2 | -12% | -67,8 | -140% | -1,5 | -1% | 17,7 | -92% |

1) Niðurstöður úr ársreikningum sveitarfélaga sem ná til um 88% íbúa eru uppreiknaðar fyrir allt landið.

2) Upphaflegar fjárhagsáætlunir ársins sem verða endurskoðaðar hjá flestum sveitarfélögum.



**Samband íslenskra
sveitarfélaga**

Borgartúni 30, Pósthólf 8100, 128 Reykjavík

Sími: 515 4900, Fax: 515 4903

www.samband.is samband@samband.is

© Samband íslenskra sveitarfélaga 2009/12